

Titill: Lestur og ritun (íslenska 1)

Lýsing

Áfanginn er fyrsti áfangi í íslensku. Í áfanganum er lögð mikil áhersla á lestur. Nemendur lesa fjölbreytta texta og fjalla um þá, bæði bókmenntir og annars konar texta. Lögð er áhersla á fjölbreytt læsi, ekki síst að lesa á gagnrýninn hátt. Kennd eru helstu hugtök sem notuð eru við að greina texta og nemendur þjálfast í að beita þeim.

Fjallað er um byggingu ritsmíða og röksemdafærslu. Lögð er áhersla á að ritun er ferli og nemendum er kennt að skrifa í skrefum. Nemendur eru þjálfastir í að skrifa margs konar texta, bæði hlutlæga og huglæga, kenndur frágangur ritaðs máls og notkun hjálpargagna, svo sem handbóka, orðabóka og leiðréttingarforrita.

Grundvallaratriði málfræði eru rifjuð upp og notuð í umfjöllun um íslenskt mál, bæði lesna texta og frumsamda. Nemendur eru þjálfastir í upplestri á eigin textum og annarra ásamt flutningi annars konar munnlegra verkefna. Nemendur eru þjálfastir í stafsetningu og ætlast er til að þeir geti stafsett rétt með því að nota stafsetningarorðabók og leiðréttingarforrit.

Forkröfur: Íslenska úr grunnskóla

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum við ritgerðarsmíð.
- Heiðarlegum vinnubrögðum.
- Málfræðihugtökum og ritreglum.
- Orðaforða til að skilja nútímamál í ræðu og riti.
- Mismunandi tegundum texta.
- Helstu hugtökum sem notuð eru við að greina ljóð og laust mál.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa bókmenntaritgerð sem byggð er á rökstuddum skoðunum.
- Ástunda heiðarleg vinnubrögð.
- Nýta sér hugtök málfræði um íslenskt mál til að efla eigin málfærni.
- Nýta sér hjálpargögn, svo sem handbækur, orðabækur og leiðréttingarforrit, til að ganga frá rituðu máli.
- Flytja eigin texta og annarra á skýran hátt.
- Nýta helstu hugtök við að greina ljóð og laust mál.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa texta af ýmsu tagi á blæbrigðaríku máli.
- Koma skoðunum sínum á framfæri á viðurkenndan og heiðarlegan hátt.
- Geta greint á milli ólíkra málsniða og notað viðeigandi málsnið.
- Taka þátt í umræðu, bæði færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra.
- Geta túlkað ólíkar gerðir texta og nýtt sér viðeigandi hugtök.

Námsmat

Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og lokaprófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.